





Mikil örtröð myndaðist fyrstu daga stríðsins á lestarstöðinni í Lviv í vestur Úkraínu. 90% þeirra er flúðu landið voru konur og börn.
UN Women/Serhii Korovainyi

KONUR HALDA SAMFÉLÖGUM OKKAR HEILBRIGÐUM

Baráttan fyrir jafnrétti og bættri stöðu kvenna og stúlkna hefur staðið lengi. Kynjamismunur er rótgróin í öllum samfélögum heimsins og höfum við orðið vitni að alvarlegu bakslagi í jafnréttismálum síðustu ár. Það má því með sanni segja að stofnun sem UN Women hafi aldrei verið mikilvægari en einmitt núna, en UN Women er eina stofnun Sameinuðu þjóðanna sem vinnur eingöngu í þágu kvenna og jafnréttis. Stríðið í Úkraínu og mikill flótti kvenna og barna þaðan var einn af þeim atburðum sem markaði árið 2022 í minnum fólks. 90 prósent þeirra sem flúðu stríðið voru konur og börn, enda var karlmönnum meinað að yfirgefa landið. Stríðið í Úkraínu varð þess jafnframt valdandi að aldrei hafa fleiri verið á flóttu í heiminum og í dag. Meira en 100 milljónir einstaklinga um allan heim hafa flúið heimili sín vegna stríðsátaka, náttúruhamfara og loftslagsbreytinga eða ofsókna. Þetta er gríðarlegur fjöldi fólks og meirihluti þeirra, eða um 74%, hefur leitað skjóls í fátækari ríkjum heims. Í lok síðasta árs varð UN Women loks formlega hluti af The Inter-Agency Standing Committee (IASC), aðgerðarhópi átján stofnana Sameinuðu þjóðanna sem leiða allt

neyðarviðbragð SP þegar hamfarir eða átök skella á. Hlutverk UN Women í IASC er að tryggja að öll mannúðar- og neyðaraðstoð Sameinuðu þjóðanna taki mið af sértækum þörfum kvenna og stúlkna á átaka- og hamfarasvæðum. En hætta er á að þær gleymist. Mikilvægi þess að stofnanir og félagasamtök taki tillit til þarfa kvenna og stúlkna á tímum átaka sýndi sig og sannaði þegar stríðið í Úkraínu hófst, en þá gat UN Women þrýst á að konur fengju aðgang að þurrmjólk, bleyjum, lyfjum fyrir börn og aldraða og var þess gætt að kvennaathvörf gætu starfað áfram undir breyttum aðstæðum. Þegar gerð var úttekt á óskum karla og kvenna í Úkraínu óskuðu karlar í flestum tilfellum eftir vopnum og hergögnum en konur óskuðu eftir lyfjum og nauðsynjum fyrir börn og aldraða. Sem fyrr eru það konur sem sjá til þess að samfélög séu heilbrigð þegar áföll dynja á. Það er því gríðarlega mikilvægt að alþjóðasamfélagið styðji við þær og hugi að heilbrigði þeirra á tímum átaka og hamfara. UN Women á Íslandi er ein þrettán landsnefnda um allan heim sem styðja við verkefni UN Women með vitundarvakningu og með því að afla fjár til verkefna UN Women.



Útgefandi: UN Women á Íslandi
Forsíðumynd: Scott Peterson/Getty Images
Myndir: Anna Maggý og úr safni UN Women
Uppsetning: Litróf - umhverfisvottuð prentsmiðja

UN Women á Íslandi - Sigtún 42 - 105 Reykjavík
Sími 552 6200 - www.unwomen.is

- 3 Ávarp ráðherra
- 4 Ávarp formanns
- 6 Fjáröflun
- 10 Vitundarvakning
- 14 Kynningarstarf og fræðsla
- 15 Önnur verkefni UN Women á Íslandi
- 17 Fyrirtækjasamstarf
- 18 Fjármál
- 20 Stuðningur og samstarf utanríkisráðuneytisins og UN Women á Íslandi
- 21 Overview
- 24 Við erum UN Women á Íslandi



ÁVARP RÁÐHERRA

Við stöndum frammi fyrir víðtæku bakslagi í réttindum kvenna um allan heim. Þá alvarlegu þróun má að hluta rekja til atburða síðustu missera en einnig til vanda sem hefur verið lengi í gerjun, svo sem afleiðingar heimsfaraldurs og loftslagsvárs sem skapað hafa margþættar áskoranir og öryggisleysi. Mannréttindi kvenna og stúlkna eru fótum troðin vegna aðfara stjórnvalda, stríðsátaka, fátæktar og glæpastarfsemi svo sem í Íran, Afganistan og Úkraínu. Við horfum upp á að helmingur flóttamanna í heiminum í dag eru konur og stúlkur sem hafa mátt sæta því að hrekjast við illan leik frá heimilum sínum.

Um langt skeið var litið á baráttuna fyrir auknu kynjajafnrétti sem mjúkt mál innan alþjóðakerfisins. Sannleikurinn er þó sá að starf okkar að auknu kynjajafnrétti hefur sjaldan verið mikilvægara. Það snýst oft um líf, dauða og grundvallarmannréttindi, en getur um leið verið einn helsti drifkraftur þróunar, friðar, velmegunar og framfara í heiminum.

Ísland hefur leiðandi stöðu á sviði jafnréttismála. Það er skýr stefna stjórnvalda að ná fullu kynjajafnrétti hér á landi fyrir árið 2030 og um leið fimmta heimsmarkmiði Sameinuðu þjóðanna um jafnrétti kynjanna. Slíkur árangur yrði einstakur, en framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna hefur bent á að fullu kynjajafnrétti á heimsvísu verði ekki náð fyrr en eftir 300 ár að óbreyttu. Það er því ekki að ástæðulausu sem jafnréttismálin eru og verða áfram mikilvægur þáttur utanríkisstefnunnar. Þau eru samþætt starfi okkar á sviði alþjóða-, öryggis- og þróunarmála og endurspeglast í á þriðja hundrað verkefna og viðburða sem efnt var til á liðnu ári. Sjálf reyni ég sífellt, hvert sem ég fer, að láta jafnréttisródd Íslands heyrast. Þörfin er mikil, því bakslagið er raunverulegt. En utanríkisþjónustan er ekki eyland. Við reiðum okkur

á samstarf við stofnanir á borð við UN Women og frjáls félagasamtök. Landsnefnd UN Women á Íslandi gegnir mikilvægu og margþættu hlutverki. Nefna má kynningu heima fyrir á starfi stofnunarinnar í þágu kvenna og stúlkna um allan heim og við fjáröflun þar sem hún stendur sig einna best á heimsvísu. Þá má nefna átaksverkefni UN Women á borð við Kynslóð jafnréttis þar sem Ísland leiðir á þriðja tug aðgerða sem vinna með ólíkum hætti gegn kynbundnu ofbeldi og að auknu kynjajafnrétti heima fyrir og alþjóðlega. Einnig má nefna samstarf við fyrirtæki á borð við 66°Norður til að styðja við flóttakonur í Tyrklandi og Úkraínu. Það kom ekki á óvart að framkvæmdastýru UN Women var tíðrætt um góðan árangur landsnefndarinnar í heimsókn sinni til Íslands í lok síðasta árs.

Það var mér mikil ánægja að taka þátt í Ljósagöngu UN Women á Íslandi um konur, líf og frelsi á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi í nóvember á síðasta ári. Það var táknrænt fyrir okkar góða samstarf. Þar gat ég slegist í hóp allra þeirra Íslendinga sem vildu sýna samstöðu með konum víða um heim sem þurfa að berjast á hverjum degi fyrir því að einföld réttindi þeirra séu virt.

Um leið og ég þakka samstarfið óska ég UN Women á Íslandi áframhaldandi árangurs. Saman getum við áorkað miklu, þörfin er brýn.

*Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir,
utanríkis- og þróunarsamvinnuráðherra*



ÁVARP FORMANNS

Heimsfaraldurinn var að mestu leyti að baki árið 2022, þrátt fyrir að upphaf árs hafi enn einkennst af samkomutakmörkunum og þeim áskorunum í starfi sem þeim fylgdi. Skrifstofan hélt því áfram að stunda hugmyndaauðgi, sveigjanleika og finna nýjar leiðir til að tryggja að starfsemin yrði ekki skert umfram það sem nauðsynlegt var. Strax í lok febrúar knúðu voveiflegar fréttir á dyr. Rússar höfðu hafið innrás í Úkraínu og því ljóst að mikil óvissa vofði yfir Evrópu. UN Women á Íslandi hafði ákveðið að áhersla ársins 2022 ætti að vera á að fræða almenning um kvenmiðaða neyðaraðstoð og sýndi stríðið í Úkraínu svart á hvítu hversu mikilvægt er að tryggja konum viðeigandi aðstoð þegar neyð skellur á.

UN Women á Íslandi hóf strax neyðarherferð með það að markmiði að safna fé til handa konum og stúlkum í Úkraínu. Í neyð eru konur berskjaldaðri en nokkru sinni fyrir ofbeldi. 90 prósent þeirra sem flúðu stríðið í Úkraínu voru konur og börn þeirra. Enda áttu karlmenn að verða eftir í heimalandinu og heyja stríð. Það kom fljótt í ljós að þarfir kvenna voru hunsaðar og fjöldi félagsamtaka höfðu miklar áhyggjur af þolendum heimilis- og kynferðisofbeldis og sögðu tíðni ofbeldis hafa aukist gríðarlega frá því að átökin hófust. Að sama skapi voru fluttar óhugnanlegar fréttir um að glæpahópar væru víða að nýta sér neyð fólks vegna stríðsins. Konur voru jafnframt útilokaðar frá friðarviðræðum og óskir þeirra virtar að vettugi. UN Women veitir konum og stúlkum öryggi, vernd, áfallahjálp og sálræna aðstoð í kjölfar neyðar og dreifir jafnframt sæmdarsettum til kvenna sem á þurfa að halda. UN Women stóð vaktina og studdi dyggilega við jaðarsettustu hópa Úkraínu þegar á reyndi. UN Women á Íslandi varpaði svo ljósi á aðstöðu kvenna á flóttu með kynningarherferðinni Náðir þú að pakka? sem var sett

í loftið í maí, samhliða sérstakri fræðslusíðu um kvenmiðaða neyðaraðstoð. Herferðin vakti gríðarlega athygli.

Sama mánuð tóku UN Women á Íslandi og 66°Norður höndum saman til að styðja enn frekar við konur á flóttu vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Þetta var gert með sérstakri fjáröflunarsölu á bol sem hannaður var af Þórdísi Claessen og Iryna Kamienieva, sem var þá nýkomin til Íslands frá Úkraínu. Styrktarbolurinn var samsettur af þjóðlegum Vyshyvankamynstrum sem vernda þau sem klæðast flíkinni gegn öllu illu og ljóði eftir úkraínsku skáldkonuna Lesia Ukrainka.

Í skugga stríðsins í Úkraínu héldu dagleg verkefni skrifstofunnar áfram. Á skrifstofunni voru áfram sjö stöðugildi sem unnu að því að koma mikilvægi UN Women á heimsvísu til skila til almennings og stjórnvalda. Fyrirtækjasamstarf óx og á árinu skrifuðu fimm ný fyrirtæki undir samstarfssamning við UN Women á Íslandi með það að markmiði að skuldbinda sig til að láta sig jafnréttismálin varða, ekki bara í orði, heldur líka á borði. Sem fyrr fögnuðum við alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars með opnunarbjöllu Nasdaq sem hringt var fyrir jafnrétti.

FO herferð ársins var söguleg þar sem herferð var í fyrsta skiptið helguð fjölbreytileikanum. Í samstarfi við Védísi Jónsdóttur þrónahönnuð og VARMA voru hannaðir glæsilegir FO-ullarvettlingar og rann allur ágóði af sölu þeirra í hinseginsjóð UN Women, sem var tómur. Ekkert annað land hefur áður farið í herferð til að afla fjár fyrir hinseginsjóð samtakanna. FO herferð ársins var ekki aðeins söguleg fyrir þessar sakir því á árinu 2022 brutum við 100 milljóna króna múrinn, frá upphafi FO herferðarinnar hafa nú safnast yfir 100 milljónir sem runnið hafa í það gríðarstóra verkefni að afnema kynbundið ofbeldi um allan heim.



Lestarstöðin í Lviv í Úkraínu hósti mikinn fjölda fólks á flóttu. Svæðum var einnig breytt í fæðingaherbergi. Mynd/Serhii Korovainyi

Þann 10. nóvember stóð UN Women á Íslandi fyrir einstökum viðburði með Sima Sami Bahous, framkvæmdastýru UN Women. Yfirskrift viðburðarins var „Moving Forward: Partnership for an Equal World“ og var Bahous heiðursgestur viðburðarins, sem fór fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands. Sem framkvæmdastýra UN Women er Bahous ein af hæstráðendum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Því var um að ræða einstakt tækifæri til að heyra frá fyrstu hendi um stöðu mála og áherslur UN Women á heimsvísu. Í erindi sínu ræddi Bahous um mikilvægi samstarfs UN Women við Ísland og hvatti til áframhaldandi samstarfs í þágu jafnréttismála. Hún þakkaði einnig Íslendingum sérstaklega fyrir þeirra ómetanlega framlag í þágu jafnréttis og UN Women.

Bakslagið í jafnréttismálum má sjá víða um heim og vakti UN Women á Íslandi athygli á stöðunni í Afganistan og Íran í árlegri Ljósagöngu samtakanna sem fram fór á alþjóðlegum baráttudegi gegn kynbundnu ofbeldi 25. nóvember.

Ljósberarnir okkar eru áfram hryggjarstykki samtakanna og gera okkur kleift að starfa af þeim krafti sem raun ber vitni. Ég vil nýta tækifærið og þakka þeim þúsundum Íslendinga sem leggja sitt af mörkum um hver einustu mánaðarmót. Það er vegna þeirra sem UN Women á Íslandi er í hópi stærstu styrktaraðila samtakanna og hefur verið að senda hæsta kjarnaframlag landsnefnda og annarra styrktaraðila á eftir aðildarríkjum. Þó að einstakur árangur UN Women á Íslandi sé fagnaðarefni sýnir það jafnframt hversu fjársvelt stofnunin og verkefni hennar eru.

UN Women á Íslandi þakkar íslenskum almenningi, fyrirtækjum og stjórnvöldum kærlega fyrir þann stuðning

sem samtökin finna fyrir í starfi sínu. Utanríkisráðuneytið studdi áfram við okkar mikilvægu verkefni og það gerði forsætisráðuneytið líka. Við finnum að það skiptir máli að hafa konur í þessum mikilvægu embættum, sem breiða út veigamikinn boðskap á hinu stóra borði alþjóðasamfélagsins. Þörfin á kvenmiðaðri neyðaraðstoð og áherslur okkar á að konur fái sæti við borðið þegar kemur að friðarviðræðum og lýðræðisuppbyggingu hefur sjaldan verið mikilvægari en nú, á tímum ófriðar og óöryggis.

Ég vil þakka öllum okkar bakhjörllum, starfsfólki samtakanna og stjórn fyrir stuðninginn og baráttuandann. Nú þegar við stöndum enn einu sinni frammi fyrir gríðarlegu bakslagi í jafnréttismálum getið þið treyst því að UN Women á Íslandi mun halda áfram að berjast fyrir réttlátari heimi fyrir okkur öll.

*Arna Grímsdóttir,
Formaður stjórnar UN Women á Íslandi*



Khuku Moni er ein þeirra kvenna sem hlotið hafa fjárhagsaðstoð frá UN Women og sér nú fyrir fjölskyldu sinni sem klæðskeri.
UN Women/Fahad Kaizer

FJÁRÖFLUN

Ljósberar

Ljósberar, mánaðarlegir styrktaraðilar UN Women á Íslandi, eru sem fyrr allra mikilvægasta tekjulind samtakanna. Framlög Ljósbera gera UN Women á Íslandi kleift að halda áfram því mikilvæga starfi sem felst í því að valdefla konur og stúlkur um allan heim og veita þeim vonarneista og tækifæri. Ljósberarnir fylla okkur miklu þakklæti og sýna hvað er hægt að gera í krafti fjöldans.

Yfir 75% af framlagi landsnefndarinnar safnaðist í gegnum styrki frá Ljósberum og sjöunda árið í röð sendi íslenska landsnefndin hæstu kjarnaframlög allra landsnefnda UN Women, óháð höfðatölu. Landsnefndir UN Women eru 13 talsins og starfa víðs vegar um heim.


Á árinu 2022 nýskráðu 1.027 aðilar sig sem Ljósbera og var kynjahlutfallið mjög jafnt. Á árinu voru 978 afskráningar og því er aukning um 49 Ljósbera eftir árið.

Þróun framlaga

Frá árunum 2014 til 2019 fjölgaði Ljósberum gífurlega á milli ára en eftir 2019 hægðist verulega á fjölgunum. Það er þó jákvætt að enn er ávallt um aukningu að ræða. Í árslok 2022 var heildarfjöldi Ljósbera 9.639 samanborið við 9.590 í árslok 2021. Heildarframlög Ljósbera hækkuðu úr 188.291.335 kr í



Mynd 1 sýnir þróun á fjölda mánaðarlegra styrktaraðila UN Women á Íslandi frá 2014-2022



Mynd 2 sýnir þróun á heildarfjárframlagi mánaðarlegra styrktaraðila UN Women á Íslandi frá 2014-2022



UN Women í Afganistan á vettvangi jarðskjálftanna sem riðu yfir austurhluta landsins í júní 2022. Paktika héraðið í Afganistan varð hvað verst úti.

197.711.120 kr á milli 2021 og 2022 og hækkar því heildarfrárhæðin um 5% þrátt fyrir innan við 1% fjölgun Ljósbera. Ástæðan þar að baki er öflugt starf fjáröflunardeildar UN Women á Íslandi. Ekki síst skipulögð samskiptaáætlun þar sem tengsl við styrktaraðila og fræðsla til þeirra skilar sér í því að Ljósberar hækka framlag sitt til samtakanna í gegnum hækkunarsímtal úthringistarfsfólks. Það er lykilatriði í ferðalagi styrktaraðilans (e. Donor journey), að vel sé haldið utan um Ljósberana okkar frá fyrsta framlagi til að koma í veg fyrir að styrktaraðili hætti sem Ljósberi en sé þess í stað líklegri til að hækka framlag sitt. Auk þess má nefna ný lög sem samþykkt voru í nóvember 2021 sem fela í sér heimild fyrir aðila til að draga allt að 350.000 kr á ári frá skattskyldum tekjum sínum vegna framlaga til góðgerðarmála. Nýju löggin gera það að verkum að núverandi Ljósberar geta hækkað mánaðarlegt framlag sitt um u. þ. b. þriðjung, án þess í raun að greiða meira úr eigin vasa.

Árið 2022 voru afskráningar Ljósbera samtals 978 samanborið við 1.113 árið 2021. Áætlað var að afskráningar yrðu fleiri en raun bar vitni, eða um 1.200 samtals. Það er því ánægjulegt að hafa náð að vera undir þeirri áætlun.

Götukynningar og úthringingar

Tíu einstaklingar í Reykjavík ásamt hópstjóra sinnu hlutastarfi í götukynningum yfir rúmlega tveggja

mánaða tímabil sumarið 2022 alla virka daga, í fjóra klukkutíma í senn. Árangurinn var ágætur en heildarfjöldi Ljósberaskráninga í götukynningum var 686, og var það aukning um 21% frá árinu á undan. Kostnaður á hverja skráningu fór einnig niður á milli ára, úr 10.476 kr í 7.754 kr en markmiðið er þó að vera undir 5.000 kr á skráningu. Í fyrsta sinn var ákveðið að halda einnig úti götukynningum annars staðar en einungis í Reykjavík til að freista þess að ná til fólks á landsbyggðinni. Ein starfskona sinnti því starfi á Akureyri. Það verkefni gekk vonum frammar, en 26% af heildarskráningum yfir sumarið komu þaðan. Alls bárust 69 stakir styrkir yfir sumarið sem var tvöfalt meira en árið á undan. Úthringiverið starfaði meiri hluta ársins tvö kvöld í viku, tvær starfskonur að meðaltali á hverri vakt.

Í götukynningum og úthringingum á árinu var lögð áhersla á að fræða um *kvenmiðaða neyðaraðstoð*, þá meðal annars í Úkraínu og Afganistan, og um þvinguð barnahjónabönd.

Kjarnaframlög og önnur verkefni

155.928.711 kr var heildarframlag landsnefndar UN Women á Íslandi árið 2022.

Til þess að UN Women hafi tök á að veita fjármagn til verkefna þar sem neyðin er mest var 66.6% af heildarframlögum okkar varið í svokölluð kjarnaframlög, en þau tryggja

fjárhagslegan grunn verkefna sem stuðla að valdeflingu kvenna og greina þarfir kvenna í neyð.

Eyrnamerkt voru 33.4% af framlögum UN Women á Íslandi og var þeim varið í Styrktarsjóð Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis, Úkraínu, Tyrklands og í Hinsegin sjóð UN Women.

Tilgangur Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis er að afnema ofbeldi gegn konum og stúlkum. Þessi sjóður starfar náið með grasrótarsamtökum á átakasvæðum sem tryggir réttar boðleiðir hvað varðar valdeflingu kvenna og upprætingu kynbundins ofbeldis.

Úkraína

Það fór vitaskuld ekki fram hjá neinum þegar Rússar hófu innrás í Úkraínu þann 24. febrúar 2022. UN Women á Íslandi brást hratt við og hóf SMS neyðarsöfnun fyrir konur og stúlkur í Úkraínu. Alls bárust 2.413 sms og alls söfnuðust 4.584.700 kr úr þeirri neyðarherferð frá einstaklingum. Það sýnir vel samhug Íslendinga í garð Úkraínu. Auk þess var söluhæsta táknræna gjöfin „Neyðaraðstoð Úkraínu“ en 339 gjafir voru keyptar árið 2022 fyrir tæpa milljón. Aðrir stakir einstaklingsstyrkir gáfu af sér rúmar 2.6 milljónir. Með fyrirtækjastyrkjum og söfunarféi frá einstaklingum var rúmum 26 milljónum varið til verkefna í Úkraínu. Aldrei áður hafa viðlíka upphæðir safnast til verkefnis og til Úkraínu.

UN Women leggur áherslu á að efla öryggi kvenna í Úkraínu og taka mið af sértækum þörfum þeirra á staðnum, meðal annars með því að byggja upp kynjaskipta bað- og salernisaðstöðu, matarþakka sem tekur mið af þörfum kvenna og þjónustu fyrir þolendur kynbundins ofbeldis. UN Women deilir einnig sæmdarsettum og neyðarpökkum til úkraínskra kvenna á flóttu og veitir þeim fjárhagsaðstoð.

Táknrænar gjafir

Á hverju ári leggur UN Women á Íslandi áherslu á sölu táknrænna gjafa og beinir með því sjónum að stöðu kvenna, oft í ákveðnum ríkjum. 502 kaupendur keyptu alls 991 táknrænar gjafir fyrir alls 3.087.244 kr árið 2022.

Söluhæsta táknræna gjöfin var sem fyrr segir *Neyðaraðstoð Úkraínu. Neyðarpakki Afganistan* fylgdi fast á eftir, en hann inniheldur nauðsynjar á borð við fjölnota tíðarvörur, tannbursta, tannkrem, þvottaefni og nærfatnað. Einnig seldist vel af *Mömmupakka fyrir nýbakaðar mæður* í Zaatari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Í Zaatari starfrækir UN Women gríðastaði fyrir konur og börn þeirra og tryggir þeim skjól, atvinnutækifæri, daggæslu og sálræna aðstoð. *Námsstyrkurinn* var jafnframt vinsæl gjöf og veitir stúlku í Malaví sem hefur verið leyst úr þvinguðu barnahjónabandi námsgögn og skólabúning.



FO vettlingarnir seldust einstaklega vel.

FO vettlingar 2022

Stærsta herferð ársins líkt og fyrri ár var FO herferðin, sem hófst þann 31. ágúst með sölu á FO vettlingum úr hágæða merino ull, hönnuðum af Védísi Jónsdóttur prjónahönnuði og framleiddum af VARMA í tveimur stærðum.

Sjóvá tók við af Vodafone sem bakhjarl FO herferðarinnar 2022 og greiddi fyrir framleiðslukostnað vörunnar, sem gerði UN Women á Íslandi kleift að senda tekjur sem hlutust af sölu FO varnings beint til verkefna UN Women.

Sala á vettlingunum gekk frábærlega og seldust alls 3.052 stk til 1.124 kaupenda á fjögurra mánaða tímabili fyrir 14.949.900 kr. Tekjur af sölu fóru til hinsegin verkefna UN Women.

Með kaupum á vettlingum veita kaupendur hinsegin fólki um allan heim von, stuðning og tækifæri, því UN Women vinnur ekki aðeins að bættum réttindum kvenna, heldur einnig að jöfnum réttindum hinsegin fólks um allan heim. Bakslag hefur átt sér stað í réttindabaráttu hinsegin fólks um heim allan og því er afar mikilvægt að safna fjármunum inn í sjóðinn.

Hinsegin verkefni UN Women höfðu verið án fjármagns síðan í maí og því var fjárstuðningurinn sem hlaut af sölu FO vettlingana einstaklega mikilvægur.

Öll verkefni UN Women sem snúa að málefnum hinsegin fólks fylgja sömu fimm áherslumálum og verkefni sem miða að auknum réttindum kvenna:

1. Pólítísk þátttaka og þátttaka í opinberu lífi
2. Fjárhagsleg valdefling
3. Uppræta kynbundið ofbeldi
4. Friður og öryggi, neyðaraðstoð og varnarárætlanir sem taka mið af öllum kynjum
5. Kynjuð gagnaöflun og aðgerðaráætlun

Einnig seldist vel af bæði FO húfunni og FO bolnum, eða í heildina 662 stk. Samtals voru því 3.714 stk. af FO varningi seld árið 2022 til 1.551 kaupenda fyrir alls 19.257.000 kr.

GLÆSILEGUR ÁRANGUR UN WOMEN Á ÍSLANDI

UN Women birti ársskýrslu sína fyrir árið 2021 í september árið 2022. Í skýrslunni var sérstaklega minnst á einstakan árangur UN Women á Íslandi á sviði fjáröflunar. Það ár sendi íslenska landsnefndin út hæsta fjárframlag allra þrettán landsnefnda sjötta árið í röð, óháð höfðatölu. UN Women á Íslandi er því einn helsti styrktaraðili verkefna UN Women á heimsvísu. Nokkuð sem við erum gríðarlega stolt af.

Í ársskýrslu UN Women kemur fram að árið 2021 hafi stofnunin hlotið 556,3 milljónir bandaríkjadala frá styrktaraðilum sínum. Þetta er hæsta fjárhæð sem stofnunin hefur fengið til verkefna sinna frá upphafi.

Í skýrslunni er helstu styrktaraðilum þakkaður stuðningurinn, þeirra á meðal er íslenska landsnefndin sem sett er í sama flokk og einkafyrirtæki, félagasamtök og stofnanir á borð við Alipay Foundation og Bill & Melinda Gates Foundation.

Þó að einstakur árangur UN Women á Íslandi á sviði fjáröflunar sé fagnaðarefni sýnir það einnig hversu fjársvelt stofnunin og verkefni hennar eru.





Ljósmyndir að störfum í kjallara sjúkrahúss í Úkraínu. UN Women/Serhii Korovainyi

GJÖRBREYTT STARFSUMHVERFI UN WOMEN Í ÚKRAÍNU

UN Women á Íslandi stóð fyrir neyðarsöfnun í mars 2022 fyrir konur og stúlkur í Úkraínu, en skömmu áður höfðu Rússar ráðist inn í ríkið með hræðilegum afleiðingum. 8,1 milljón einstaklinga hafa flúið Úkraínu frá því að stríðið hófst þann 24. febrúar 2022 og hafa 4,9 milljónir hlotið vernd í öðrum ríkjum Evrópu. Flest dvelja í Póllandi, eða um 1,5 milljón einstaklinga. Rúmlega 2.000 einstaklingar hafa hlotið vernd á Íslandi, meirihluti þeirra er konur og börn.

UN Women hefur verið starfandi í Úkraínu í áratug og sinnt þar verkefnum sem miða að því að efla stjórn-málabátttöku kvenna, efla réttindi Rómakvenna og tryggja þjónustu til kvenna með HIV og kvenna sem flúið hafa heimilisofbeldi. UN Women og aðrar stofnanir Sameinuðu þjóðanna voru með starfstöðvar á 35 stöðum víða um Úkraínu fyrir stríðið. Í upphafi stríðs voru skrifstofur Sp smættaðar og færðar til svo tryggja mætti þjónustu og öryggi starfsmanna áfram. Innlendir starfsmenn UN Women hafa þurft að sinna störfum sínum undir gjörbreyttum aðstæðum. Flestir þessara starfsmanna eru konur með börn og hafa þau verið flutt til svæða Úkraínu sem teljast örugg. Margar eru því sjálfar á vergangi innan Úkraínu og hafa reynt að halda úti starfsemi stofnunarinnar þrátt fyrir óstöðugt net og rafmagn.

Mikilvægt að tryggja áfram þjónustu til viðkvæmra hópa

Meðal verkefna UN Women í Úkraínu er að tryggja þolendum kynbundins ofbeldis viðeigandi aðstoð og sjá til þess að stofnanir, félagasamtök og stjórnvöld séu meðvituð um hvernig eigi að meðhöndla tilkynningar um slík mál. Þá hefur stofnunin barist fyrir



Kona kveður maka sinn við landamæri Moldóvu. Karlmönnum var meinað að yfirgefa landið. Photo: UN Women/Aurel Obreja

því að öryggisgæsla sé aukin, bæði við landamæri Úkraínu og innan borga og bæja, í von um að tryggja öryggi kvenna og stúlkna. UN Women í Úkraínu vinnur jafnframt með samtökum lögfræðinga sem reka kynferðisbrotamál fyrir hönd pólanda, þeim að kostnaðarlausu. Eitt mikilvægasta verkefni UN Women er þó að styðja með öllum ráðum við frjáls félagasamtök sem starfa í þágu kvenna og stúlkna í Úkraínu, m. a. kvennaathvörf og gistiskýli fyrir heimilislausar konur

og konur í vændi. Í maí 2022 hafði UN Women í Úkraínu stutt við fjölda félagasamtaka sem höfðu veitt 13.208 konur og stúlkum sálræna aðstoð og lagalega ráðgjöf.

Önnur mikilvæg verkefni eru að ná til viðkvæmra hópa, til dæmis fólks með fatlanir. Neyðarskýli og neðanjarðarbyrgi eru óaðgengileg fólki með skerta hreyfigetu og erfitt er fyrir þennan hóp að skýla sér á heimilum sínum. Það sama á við um aldraða og sjúklinga. Þessir einstaklingar eiga einnig erfitt með að verða sér úti um mat og aðrar nauðsynjar, sérstaklega þegar þjónusta til þeirra er skert eða liggur niðri.

Verkefni stofnunarinnar eru ólík eftir landshlutum. Í austurhluta landsins, þar sem átökin eru hvað verst, liggur mest á að koma neyðaraðstoð til kvenna og fjölskyldna þeirra, þ. m. t. mat, vatni, lyfjum, hreinlætisvörum og öðrum nauðsynjum. Félagasamtök sem vinna með UN Women í Úkraínu segja að konur óski fyrst og fremst eftir nauðsynjum fyrir börn sín og óttast stöðugt um líf þeirra og heilsu, sérstaklega heilsu ungbarna og nýbura. Áföllin og streitan sem fylgir stríði hafa gríðarleg áhrif á heilsu barnshafandi kvenna og mjólkandi kvenna. Streitan getur orðið til þess að fæðing fari fyrir af stað og að þær framleiði ekki næga mjólk fyrir nýfædd börn sín. Víða er þurrmjólk og barnamat úrúðlegur.

Í vesturhluta landsins miða verkefnið frekar að því að sinna flóttafólki; finna þeim húsnæði, veita þeim fjárhagslega aðstoð, heilbrigðisþjónustu, lögfræðiþjónustu og áfallahjálp ásamt því að aðstoða þau við atvinnuleit og koma börnum í skóla. UN Women gerir jafnframt reglulegar úttektir á þörfum úkraínkra kvenna í ólíkum aðstæðum, þar með talið kvenna sem eru á vergangi innan eigin ríkis, heimilislausra kvenna og kvenna sem tilheyra hliðsettum hópum og svo kvenna sem flúið hafa Úkraínu til nágrannaríkja. Úttektir og kynjuð gagnaöflun gerir UN Women, samstarfsaðilum og öðrum stofnunum Sameinuðu þjóðanna kleift að skilja betur þarfir kvenna og bregðast við þeim með skilvirkum hætti.



Herferðin *Náðir þú að pakka?* vakti athygli á áhrifum stríðs og hamfara á líf kvenna og stúlkna.

VITUNDARVAKNING

Fræðsla er einn mikilvægasti hlekkur alls starfs UN Women á heimsvísu því án fræðslu er ekki hægt að knýja fram breytingar til langframa. Hið sama gildir um starf UN Women á Íslandi. Eitt mikilvægasta hlutverk landsnefndarinnar er að fræða og vekja almenning til vitundar um verkefni stofnunarinnar. Með því að fræða almenning um verkefni UN Women og mikilvægi jafnréttis styrkjum við starf UN Women á heimsvísu. Þetta gerir UN Women á Íslandi m. a. með því að standa fyrir fyrirlestrum, viðburðum, kynningum, samstörfum og átaksherferðum. Árið 2022 stóð UN Women á Íslandi að fjölda stórra herferða og verkefna, þar með talið neyðarsöfnun vegna stríðsins í Úkraínu, kynningarherferðina *Náðir þú að pakka?* og *FO herferð*.

8. mars – Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og Ring the bell

8. mars er Alþjóðlegur baráttudagur kvenna og er dagurinn markaður með ýmsum hætti um allan heim. UN Women á Íslandi vakti athygli á deginum með greinaskrifum, en einnig með því að taka þátt í Ring the bell í fimmta sinn. Nasdaq Iceland (Kauphöllin), Félag kvenna í atvinnulífinu (FKA) og Samtök atvinnulífsins (tengiliður UN Global Compact) stóðu fyrir viðburðinum. Ring the Bell er ætlað að hvetja kauphallir um allan heim til að bæta jafnrétti kynjanna á sínum mörkuðum. Enn hallar töluvert á hlut kvenna þegar kemur að stjórnunarstöðum þeirra fyrirtækja sem skráð eru í kauphöllum um allan heim. Eliza Reid forsetafrú var heiðursgestur viðburðarins og hringdi bjöllunni. Í ræðu sinni minntist Eliza sérstaklega á þá staðreynd að þrátt fyrir að Ísland sé framarlega í jafnréttismálum séu konur hér á landi enn með lægri laun en karlar. Þá kynnti Úlf Níelsson, prófessor í hagfræði, rannsókn sína þar sem skoðuð voru áhrif kynferðislegrar áreitni á virði fyrirtækja. Niðurstöður

rannsóknarinnar sýndu fram á það með afgerandi hætti að sterk fylgni sé á milli þess að virði fyrirtækja á markaði lækki þegar forsvarsfólk þeirra gerist uppvíst af því að beita ofbeldi eða kynferðislegri áreitni.

Hinar gleymdu raddir

UN Women á Íslandi og Forsætisráðuneytið stóðu fyrir hliðarviðburði í tengslum við 66. Kvennanefndarfund Sameinuðu þjóðanna (CSW 66) sem fram fór í New York dagana 14.- 25. mars. Þetta var þriðja árið í röð sem Kvennanefndarfundurinn fór fram með óhefðbundnu sniði vegna COVID-19 takmarkanna, en fundurinn var í fjarfundarformi.

Viðburðurinn kallaðist Hinar gleymdu raddir – Áhrif loftslagsbreytinga á ofbeldi gegn konum (The Forgotten Voices – The Impact of Climate Change on Violence Against Women) og fór fram þann 14. mars. Fjallað var um hin sterku tengsl á milli loftslagsbreytinga og kynbundins ofbeldis og rætt með hvaða hætti loftslagsbreytingar auka líkurnar á vopnuðum átökum innan ríkja og sértæk áhrif þeirra á konur og stúlkur. Meðal þátttakenda voru Guðni Th. Jóhannesson forseti Íslands, Katrín Jakobsdóttir, forsætisráðherra Íslands, Christina Lamb, fréttastjóri erlendra fréttanna hjá *The Sunday Times* og margverðlaunaður rithöfundur, Erna Huld Íbrahimsdóttir, þýðandi, túlkur og kynjafræðingur og Tinna Hallgrímsdóttir, formaður Ungra umhverfissinna. Fundarstjóri var Bergur Ebbe Benediktsson, rithöfundur og þáverandi varaformaður stjórnar UN Women á Íslandi.

Náðir þú að pakka?

UN Women á Íslandi hrinti af stað kynningar- og fræðsluherferðinni *Náðir þú að pakka?* í maí 2022. Verkefnið var styrkt af utanríkisráðuneytinu og var ætlað að vekja almenning til

umhugsunar um sértæk áhrif stríðs og átaka á líf kvenna og stúlkna. Þegar fólk flýr heimili sín, sama hvort það sé vegna stríðsátaka, náttúruhamfara eða ofsókna, gefst sjaldan tími til að pakka, hvað þá að hugsa fyrir nauðsynjum. Fræðsluátakinu var ætlað að upplýsa almenning um stöðu kvenna og stúlkna á flóttu, mikilvægi þess að tekið sé mið af sértækum þörfum þeirra þegar neyðaraðstoð er veitt og hversu mikilvægt það er fyrir heilsu og líf kvenna á flóttu að hafa aðgang að hreinlætisvörum, sálfræðiaðstoð, upplýsingum um réttindi sín, fjárhagsaðstoð og heilbrigðisþjónustu. Samhliða fræðslunni var efnt til söfnunar fyrir konur á flóttu með áhrifaríkri auglýsingaherferð. UN Women á Íslandi biðlaði til almennings að senda sms-ið KONUR í 1900 og veita konum og stúlkum á flóttu lífsbjargandi aðstoð.

Kynjaþing 2022

Landsnefndin tók þátt í Kynjaþingi 2022 með viðburði um innrásina í Úkraínu og mikilvægi kvenmiðaðrar neyðaraðstoðar á tímum átaka. Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi stýrði umræðum, en í pallborði voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, fyrrverandi utanríkisráðherra og svæðisstjóri UN Women, Árni Matthíasson netstjóri mbl.is og stjórnarmeðlimur UN Women á Íslandi og Olena Jadallah, doktor í hagfræði frá Úkraínu, sem flúði stríðið og kom til Íslands ásamt fjölskyldu sinni.

FO herferðin 2022

Áttundu FO herferð UN Women á Íslandi var hrint úr vör haustið 2022. FO varningurinn þetta árið voru vettlingar, hannaðir af Védísi Jónsdóttur þrjónahönnuði í samstarfi við VARMA. Árið 2022 rann ágóði af sölu vettlinganna til hinsegin verkefna UN Women um allan heim. Samhliða söluherferðinni, stóð UN Women á Íslandi fyrir vitundarvakningu um stöðu hinsegin fólks í heiminum í dag. Mikið bakslag hefur orðið í jafnréttisbaráttu þeirra. UN Women er sú stofnun Sameinuðu þjóðanna sem berst fyrir réttindum og málefnum hinsegin fólks um allan heim, enda verður jafnrétti ekki náð nema með jöfnum réttindum allra hópa. Víða býr hinsegin fólk við gríðarlega mismunun, skert réttindi og ofbeldi sökum kyns og kynhneigðar. Það er því gríðarlega mikilvægt að UN Women standi áfram vörð um velferð og réttindi hinsegin fólks á tímum sem þessum. Þetta var í fyrsta sinn sem nokkur landsnefnd UN Women safnar í hinsegin sjóð UN Women. UN Women á Íslandi fékk 40 hinsegin einstaklinga til að sitja fyrir á öllu FO herferðarefninu og voru þau andlit herferðarinnar. Ljósmyndir tók Anna Maggý, sem hefur myndað FO herferð UN Women á Íslandi þrjú ár í röð.

Heimsókn frá Simu Bahous

UN Women á Íslandi stóð fyrir viðburðinum „Moving Forward: Partnership for an Equal World“, þann 10. nóvember. Viðburðurinn fór fram í Hátíðarsal Háskóla Íslands og var Sima Bahous, framkvæmdastýra UN Women, heiðursgestur. Sem framkvæmdastýra UN Women er Bahous ein af hæstráðendum stofnana Sameinuðu þjóðanna. Því var um að ræða einstakt tækifæri til að heyra frá fyrstu hendi



Fjötutíu hinsegin einstaklingar sátu fyrir á öllu FO herferðarefni UN Women árið 2022 og voru andlit herferðarinnar.

um áherslur UN Women og stöðu jafnréttismála á heimsvísu. Bahous hélt erindi þar sem hún ræddi meðal annars mikilvægt samstarf UN Women við Ísland. Forsetafrú Íslands, Eliza Reid, setti viðburðinn og í kjölfar erindis Bahous fóru fram líflegar pallborðsumræður þar sem þátttakendur í pallborði ræddu stöðu jafnréttis á Íslandi og mikilvægi samvinnu til að sporna gegn því bakslagi sem orðið hefur í jafnréttismálum á síðastliðnum árum. Þátttakendur í pallborði voru Birna Einarsdóttir bankastjóri Íslandsbanka, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir fyrrverandi utanríkisráðherra, Andrés Ingi Jónsson þingmaður, Tatjana Latinovic formaður kvenréttindafélags Íslands, Askur Hannesson meðlimur Ungmennaráðs UN Women á Íslandi, og Steinunn Gestsdóttir aðstoðarrektr Háskóla Íslands. Umræðustjóri var Þorsteinn Víglundsson, fyrrverandi ráðherra.



Sima Bahous, framkvæmdastýra UN Women, ásamt Elizu Reid forsetafrú.



Ljósaganga UN Women á Íslandi fór fram í fyrsta sinn í nóvember 2022 eftir tveggja ára hlé sökum samkomutakmarkana.

25. nóvember og Ljósagangan

Hin árlega ljósaganga UN Women á Íslandi var gengin þann 25. nóvember en dagurinn markar upphaf alþjóðlegs 16 daga átaks gegn kynbundnu ofbeldi. UN Women hefur síðustu ár staðið fyrir Ljósagöngu þennan dag þar sem vakin er athygli á einhverju tilteknu málefni. Yfirskrift Ljósagöngunnar 2022 var Konur, líf, frelsi, sem er jafnframt slagorð mótmælanna sem

höfðu þá staðið yfir í Íran í rúma þrjú mánuði. Zahra Mesbah frá Afganistan leiddi gönguna ásamt Zoreh Aria frá Íran og Stellu Samúelsdóttur, framkvæmdastýru UN Women á Íslandi. Ljósagangan þetta árið var um margt merkileg, því hún hafði ekki farið fram frá árinu 2019 vegna COVID-19 takmarkana.



UNGMENNARÁÐ UN WOMEN Á ÍSLANDI

Ungmennaráð UN Women hélt uppi öflugu starfi árið 2022 með fjáröflunar- og fræðslustarfi sínu. Ungmennaráðið hélt áfram að sinna því mikilvæga verkefni að mæta í grunn- og framhaldsskóla og veita fræðslu um verkefni UN Women á heimsvísu og stöðu jafnréttismála

um heim allan. Einnig þróaði ungmennaráðið vísindaferðir fyrir nemendafélög í háskólum landsins. Nemendafélögum bauðst að mæta á skrifstofu UN Women á Íslandi og fá kynningu og spjall um mikilvægi starfs stofnunarinnar. Ungmennaráðið var einnig öflugt á samfélagsmiðlum en

um 10% aukning var á fylgjendum bæði á Instagram og Facebook á milli ára og 100% aukning á TikTok, en ungmennaráðið stofnaði aðgang þar haustið 2022. Auk annarra viðburða hélt ungmennaráðið sitt árlega vorþingó á Loft Hostel sem gekk vonum framar.

KYNJUÐ ÁHRIF STRÍÐS OG HAMFARA

Aldrei höfðu fleiri verið á flótta í heiminum en árið 2022 og sú tala fer síst þverrandi. 100 milljónir neyddust til að flýja heimili sín vegna átaka, ofsókna eða loftslagsbreytinga árið 2022, samkvæmt Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNCHR). 100 milljónir er því sem nemur 1% jarðarbúa. Rúmur helmingur þeirra, eða um 53,2 milljónir, eru á flótta innan eigin ríkis vegna vopnaðra átaka. UN Women á Íslandi lagði mikla áherslu á að fræða almenning um sértæk áhrif hamfara og átaka á líf kvenna og stúlkna. Fræðslusíðu um málefnið var komið á fót samhliða söfnunarherferðinni Náðir þú að pakka og var henni ætlað að veita greinagóðar upplýsingar um kynjuð áhrif hamfara og átaka á líf kvenna og stúlkna.

Helmingur fólks á flótta eru konur og stúlkur

Meira en helmingur alls fólks á flótta eru konur og stúlkur. Margar eru þær einstæðar mæður sem flúið hafa heimili sín eftir andlát maka. Þó að karlmenn séu líklegri til að láta lífið í átökum eru konur á flótta líklegri til að verða fyrir kynbundnu ofbeldi, nauðgunum, mansali, kynfæralímlestingum, þvinguðum barnahjónaböndum og þvinguðu vændi. Á tímum stríðsátaka tvöfaldast jafnframt tíðni mæðradauða vegna bágborinna aðstæðna, næringarskorts og skorts á fullnægjandi heilbrigðisþjónustu. UN Women hefur staðið vörð um réttindi kvenna og stúlkna á tímum átaka og hamfara og tryggt að tekið sé tillit til sértækra þarfa þeirra þegar neyðar- og mannúðaraðstoð er veitt. Staðreyndin er nefnilega sú að grunnþarfir kvenna og stúlkna gleymast iðulega þegar neyðaraðstoð er veitt og flóttamannabúðum er komið upp.

Einföld atriði á borð við staðsetning salernis- og þvottaaðstöðu geta aukið öryggi kvenna og stúlkna til muna. Konur með ungbörn og börn á brjósti þurfa jafnframt afmörkuð rými til að geta sinnt börnum sínum og gefið brjóst, en víða þykir ekki viðeigandi



Yusra býr í Za'atari flóttamannabúðunum í Jórdaníu. Hún hefur tekið þátt í atvinnuskapandi verkefnum á vegum UN Women. Mynd/ UN Women/Christopher Herwig

að konur gefi brjóst nema í einrúmi. Bað- og þvottaaðstaða þarf einnig að vera aðskilin og gera þarf ráð fyrir baðaðstöðu handa transfólki og kynsegin fólki til að tryggja öryggi þeirra. Annað sem gleymist oft að hugsa út í er aðgengi að matarúthlutunum og innihald matarpakka sem dreift er til fólks. Matarpakkarnir geta verið of þungir fyrir margar konur, fólk með fatlanir og aldraða til að bera langar vegalengdir. Einstæðar konur með ung börn eiga jafnframt erfitt með að bíða lengi í röð með börn sín eftir matarúthlutunum. Innihald matarpakka hefur oft og tíðum verið einsleitt og ekki hefur verið tekið mið af þörfum allra; sumir pakkar þurfa að innihalda þurrmjólk og ungbarnamat og uppfylla næringarþarfir barna, barnshafandi og mjólkandi kvenna og aldraðra.

Upplýsingar mikilvægar

Takmarkað aðgengi að upplýsingum getur haft gríðarlega neikvæð áhrif á líf og heilsu kvenna á flótta. Upplýsingar um öruggar leiðir burt af átakasvæðum (e. *humanitarian corridor*), hvar og hvernig megi nálgast þjónustu, aðstoð og upplýsingar um stöðu mála eru nauðsynlegar svo fólk á flótta geti tekið upplýstar ákvarðanir og sótt sér þá þjónustu sem í boði er. Jaðarsettir

hópar eiga gjarnan erfiðara með að nálgast greinagóðar upplýsingar, m. a. vegna ólæsis, tungumálaörðugleika og vegna þess að þau hafa ekki aðgengi að sínum, útvarpi eða öðrum upplýsingamiðlum. Rangar eða misvísandi upplýsingar leynast víða, sérstaklega á netinu, og því þarf að leggja áherslu á að veita fólki réttar upplýsingar.

Í flóttamannabúðum og neyðarskýlum þarf að taka á móti konum á flótta og veita þeim strax upplýsingar um réttindi þeirra á nýjum stað, næstu skref, þá þjónustu sem í boði er og þær samfélagslegu reglur sem eru við lýði í nýju samfélagi. Upplýsingarnar þurfa helst að vera aðgengilegar á móðurmálinu og þeim þarf að vera miðlað á þann hátt að þær séu aðgengilegar þessum tiltekna hóp kvenna (ef þær eru ólæsar þarf að miðla upplýsingunum í persónu og á móðurmáli eða í myndmáli). Fólk sem flýr átök er oft í miklu áfalli og á erfitt með að meðtaka mikið magn upplýsinga – framsetningin þarf því að vera einföld og þannig að hægt sé að nálgast upplýsingarnar hvenær sem er.

Hægt er að fræðast nánar um sértæk áhrif stríðs og hamfara á líf kvenna og stúlkna á heimasíðu UN Women á Íslandi, unwomen.is.



Rukhshana Bengum missti heimili sitt í flóði í Bangladesh. Konur eru 14 sinnum líklegri til að láta lífið í náttúruhamförum en karlmenn.

KYNNINGARSTARF OG FRÆÐSLA

UN Women á Íslandi heldur úti metnaðarfullu kynningarstarfi til fyrirtækja, stofnana og skóla og tekur þátt í fjölbreyttum fræðslu- og kynningarviðburðum. Kynningarvið UN Women á Íslandi sinnir þessu hlutverki ásamt framkvæmdastýru og Ungmennaráði samtakanna.

Undanfarin þrjú ár hefur aukin áhersla verið lögð á að efla fréttaflutning og upplýsingagjöf í gegnum fréttasíðu UN Women á Íslandi, unwomen.is. og á samfélagsmiðlum landsnefndarinnar (þar með tali Facebook, Instagram og LinkedIn). UN Women á Íslandi hélt þessari vinnu áfram árið 2022 með góðum árangri. Að auki jók UN Women á Íslandi áherslu sína á umsagnaskrif vegna frumvarpa og þingsályktana sem stjórnvöld hyggðust leggja fram. Þannig tryggja samtökin að raddir kvenna og stúlkna um allan heim séu hafðar að sjónarmiði innan stjórnsýslunnar.

Samfélagsmiðlar og heimasíða

Samfélagsmiðlar samtakanna eru gríðarlega mikilvægt verkfæri þegar kemur að kynningarstarfi og fjáröflun UN Women á Íslandi. Árið 2022 einkenndist að miklu leyti af neyðarherferðum og kynningar- eða fjáröflunarátökum og voru samfélagsmiðlarnir þar okkar helsti vettvangur. Fylgjendum fór fjölgandi á öllum miðlum, en sá miðill sem stækkaði mest á árinu var LinkedIn. Með aukinni áherslu á lífandi efni og með því að nýta Reels meira jukust áhorfstölur gríðarlega. Þar bar hæst *Náðir þú að þakka* herferðin sem braut 100.000 múrinn þegar kom að áhorfi og hin árlega FO herferð UN Women á Íslandi. Áfram var lögð mikil áhersla á fréttaflutning á heimasíðu samtakanna með djúpum umfjöllunum um verkefni UN Women á heimsvísu, auk fréttaflutnings um starf UN Women á Íslandi.

66. Kvennanefndafundur Sameinuðu þjóðanna

Árlegur fundur kvennanefndar Sameinuðu þjóðanna (CSW) var haldinn í 66. skipti dagana 14.- 25. mars 2022. Á hverju ári er tekið fyrir ákveðið umræðuefni á fundinum og var þema fundarins árið 2022 hvernig megi ná jöfnuði og valdefla allar konur og stúlkur í tengslum við loftslagsbreytingar og viðbragðsáætlanir gegn þeim (e. Gender equality and the empowerment of all women and girls in the context of climate change, environmental and disaster risk reduction policies and programmes). Venja er að ýmsir hliðarviðburðir eigi sér stað í tengslum við fundinn, en sökum COVID-19 heimsfaraldursins voru allir slíkir viðburðir rafrænir, þriðja árið í röð. Forsætisráðuneytið gerði samning við UN Women á Íslandi um skipulag og utanumhald hliðarviðburðar íslenskra stjórnvalda á CSW66. Viðburðurinn var í samræmi við meginþema þingsins og var honum streymt rafrænt. Viðburðurinn kallaðist Hinar gleymdu raddir – Áhrif loftslagsbreytinga á ofbeldi gegn konum (The Forgotten Voices – The Impact of Climate Change on Violence Against Women).

Táknrænar jólagjafir

UN Women á Íslandi hlaut styrk frá utanríkisráðuneytinu til að kynna Táknrænar jólagjafir fyrir stjórnendum fyrirtækja og almenningi sem og verkefni á bak við gjafirnar. Styrkurinn var gríðarlega mikilvægur, því aukin vitund um störf UN Women á Íslandi mun í framhaldinu styðja áfram við öll framtíðar verkefni samtakanna.



UN Women styður við atvinnuþátttöku kvenna með ýmsum hætti. Mynd/Nguyen Huu Tuan

ÖNNUR VERKEFNI UN WOMEN Á ÍSLANDI

Verkefni landsnefndar eru fjölmörg og hér er stiklað á stóru á þeim verkefnum sem starfsfólk íslensku landsnefndarinnar sinnti árið 2022:

Landsnefndarfundur UN Women fór fram dagana 4.-6. október í höfuðstöðvum UN Women í New York. Var fundurinn sá fyrsti sem haldinn var í raunheimum í tvö ár vegna COVID-19 takmarkana. Fundinn sóttu stjórnarformaður, framkvæmdastýra, fjármála- og fjáröflunarstýra og rekstrarstýra UN Women á Íslandi.

Framkvæmdastýra tók þátt í að stofna og stýra Standing Group sem samanstendur af öllum 13 landsnefndum. Hópurinn var stofnsettur þann 3. október og fór fyrsti fundur fram í húsnæði fastanefndar Íslands til Sp. Griðarlega mikilvægt er að auka samtal landsnefnda við æðstu stjórnendur UN Women og hefur Standing Group það hlutverk að hafa meiri áhrif á innra starf stofnunarinnar og að auka samtalið.

Þróunarsamvinna ber ávöxt er átak sem styrkt er af utanríkisráðuneytinu til að auka sýnileika og þekkingu á árangri þróunarsamvinnu. Frjáls félagsamtök halda utan um viðburðinn sem að þessu sinni var í formi námskeiðs um þróunarsamvinnu og mikilvægi hennar fyrir þingmenn. Fundurinn fór fram 17. nóvember í Iðnó.

Frjáls félagsamtök í þróunarsamvinnu er vettvangur þeirra félaga á Íslandi sem

sinna þróunarsamvinnu og starfa að neyðaraðstoð. Vettvangurinn fundar að minnsta kosti þrisvar á ári og skipuleggur reglulega viðburði eins og í gegnum átakið *Þróunarsamvinna ber ávöxt* til að vekja athygli á þessum málaflökki. Einnig á FFP í góðum samskiptum við UTN og fundar reglulega með skrifstofu þróunarmála.

Í lok árs 2022 var settur á laggirnar vettvangur forsætisráðuneytisins um Stafrænt Ísland og gerð Grænbókar um þann málaflökk. Framkvæmda- og rekstrarstýra taka þátt í þeirri vinnu.

Framkvæmdastýra situr í fulltrúaráði Mannréttindaskrifstofu Íslands en UN Women á Íslandi er eitt af stofn- og aðildarfélögum skrifstofunnar.

Samráðshópur um Kynslóð jafnréttis er vettvangur sem framkvæmda- og rekstrarstýra taka þátt í. Hópurinn er skipaður starfsfólki forsætis- og utanríkisráðuneytanna ásamt UN Women á Íslandi og öðrum félagsamtökum sem að verkefninu koma. Hópurinn hittist reglulega til að fara yfir stöðu markmiða Íslands undir formerkjum Kynslóðar jafnréttis.

Framkvæmdastýra sótti fund í Ístanbul í Tyrklandi í október þar sem hún tók þátt í vinnustofum um nýja „Private Sector Engagement Strategy“ stefnu UN Women. Framkvæmdastýra situr einnig fyrir hönd landsnefnda í starfshópi sem vinnur að áframhaldandi

drögum að nýrri stefnu.

Í septembermánuði tók framkvæmdastýra þátt í alþjóðlegri ráðstefnu í Berlín um jöfn laun og jafna ábyrgð í umönnun á vegum landsnefndar UN Women í Þýskalandi, alþjóðlegu vinnuálagstofnunarinnar (ILO) og Friedrich-Ebert- Stiftung.

UN Women á Íslandi er stoltur bakhjarl Reykjavík Global Forum, Heimspings kvenleiðtoga, sem að þessu sinni fór fram dagana 8.-10. nóvember. Sima Bahous framkvæmdastýra UN Women var ein af heiðursgestum þingsins. Hún dvaldi á Íslandi í nokkra daga og nýtti tímann vel þar sem hún fundaði meðal annars með forsætisráðherra, utanríkisráðherra og fjármálaráðherra. Það var mikill heiður fyrir landsnefndina að taka á móti framkvæmdastýru UN Women sem er einn af hæstráðendum Sp.

Landsnefndin hélt fjöldann allan af kynningum innan fyrirtækja, háskóla og fyrir ýmsa félagsstarfsemi.

Landsnefndin skrifaði fjölda umsagna um ályktanir og frumvörp sem lögð voru fram á Alþingi.

Stefnumótun UN Women á Íslandi fór fram dagana 20.-21. maí í Veiðihúsinu í Laxá í Kjós. Stefnumótunina sóttu starfsfólk, stjórn og ungmennaráð UN Women á Íslandi. Niðurstaða stefnumótunarinnar verður notuð næstu fjögur árin sem leiðarstef fyrir starf okkar og áætlanir.



Khem Kujeh er meðlimur SADA og klæðskeri að mennt. Hún er fædd og uppalin í Aleppo, Sírlandi, og flúði til Tyrklands í upphafi stríðs. Mynd/Ilkin Eskipehlivan

SADA COOPERATIVE VEITIR KONUM VON

UN Women á Íslandi og 66°Norður heimsóttu SADA Cooperative í borginni Gaziantep í suðurhluta Tyrklands um miðjan september árið 2022. Tilgangur heimsóknarinnar var að kynna starfsemi og umgjörð SADA Cooperative betur, en samvinnufélagið er rekið af sírlandskum flóttakönnum í samstarfi við tyrkneskar konur. UN Women á Íslandi og 66°Norður, með stuðningi frá utanríkisráðuneytinu, hafa komið á samstarfi við SADA Cooperative til þriggja ára og er markmið verkefnisins að styrkja stoðir SADA svo fyrirtækið verði sjálfbært í rekstri í kjölfar rekstrarerfiðleika í COVID-19.

„Kona er heimili annarrar konu“

SADA Cooperative konur segja samvinnuverkefnið vera þeim gríðarlega mikilvægt. Það veitir þeim tilgang og þær vonast til þess að geta haft almennilegar tekjur af vinnu sinni þegar fram líða stundir. Þær segja samstarfið hafa slegið á fordóma og hafa þær notið þess að læra af menningu hvernar annarrar.

Serpil Karakurt er fædd og uppalin í Gaziantep og er þriggja barna móðir. Hún hefur verið meðlimur SADA Cooperative frá upphafi og er nú stjórnarformaður þess. Hún segir samstöðu meðal kvenna vera henni hjartfólgin. „Kona er heimili annarrar konu. Hún veitir henni öryggi og styrk,“ segir hún þegar hún er beðin um að lýsa



Serpil Karakurt hefur verið meðlimur SADA Cooperative frá upphafi og er nú stjórnarformaður þess. Mynd/Erlendur Sveinsson

- 3,6 milljónir fólks á flótta frá Sírlandi býr í Tyrklandi. Tyrkland er það land í heiminum sem hýsir hvað flest fólk á flótta frá Sírlandi.
- 12,2% alls sírlandskvæða flóttafólks í Tyrklandi er búsett í Gaziantep

SADA Cooperative og andrúmsloftinu sem þar ríkir.

COVID hafði áhrif á reksturinn

SADA Cooperative er samvinnuverkefni sem var stofnað í mars árið 2019 með stuðningi frá UN Women í Tyrklandi, ASAM (Association for Solidarity with Asylum Seekers and Migrants) og Alþjóðavinnuáráðinu (ILO). Hugmyndin að SADA Cooperative er sprottin frá konum sjálfum og er markmið þess að efla atvinnuþátttöku kvenna á svæðinu, efla tengsl á milli flóttafólks og heimamanna og styðja við varanlegt fjárhagslegt sjálfstæði kvennanna. SADA Cooperative heldur úti þrjúþættri starfsemi: textílframleiðslu, leðurvinnslu og veitingaþjónustu. Rekstur samvinnufélagsins hefur verið erfiður síðustu tvö ár vegna COVID-19 og lítið um verkefni handa konum vegna sóttvarnareglna og samkomutakmarkana. SADA Cooperative þykir sérstakt fyrir þær sakir að það er rekið í sameiningu af flóttakönnum og konum sem tilheyra móttökulandi, þ.e. Tyrklandi. SADA Cooperative er rekið með lýðræðislegum hætti; haldnir eru stjórnarfundir og öll mál er varða reksturinn eru borin undir SADA Cooperative meðlimi.

Tækifærin fá

Gaziantep er staðsett sunnarlega í Tyrklandi, ekki langt frá landamærum Sírlands og er borgin þekkt fyrir vefnað sinn, sem kallast kutnu, og einstaka matarmenningu sem er á heimsmyndaskrá UNESCO. Íbúafjöldi borgarinnar eru um 2 milljónir og hefur Gaziantep tekið á móti um hálfri milljón flóttafólks frá Sírlandi síðan árið 2011, þegar stríðið í Sírlandi hófst. Aðeins 15% af þeim sírlandskvæða konum sem búsettar eru í Tyrklandi hafa einhvers konar fasta atvinnu. Önnur 12% reyna að framleiða vörur eða taka að sér tilfallandi verkefni gegn greiðslu. Flestar hljóta lág laun fyrir vinnu sína, vinna langa vinnudaga og við óviðunandi aðstæður. Af þeim konum sem ekki eru á vinnumarkaði, formlegum eða óformlegum, segjast aðeins 17% vera í atvinnuleit. Umönnun barna, foreldra eða veikra fjölskyldumeðlima, heimilishald og heilsubrestir eru helstu ástæður þess að sírlandskar konur komast ekki á atvinnumarkað.



UN Women rekur verkefnið EmPower í Kambódíu sem miðar að því að koma á endurnýjanlegri orku til kvenna í atvinnurekstri á dreifbýlum svæðum landsins. Mynd/ Ploy Phutpheng

FYRIRTÆKJASAMSTARF

Árið 2022 var innleidd ný sóknaráætlun hjá UN Women sem verður leiðarljós samtakanna næstu fjögur árin. Þar er lögð aukin áhersla á að hraða fyrir breytingum í þágu kvenna og stúlkna í samstarfi við ólíka hagaðila og gegna þar fyrirtæki veigamiklu hlutverki.

Fjölmeiri fyrirtæki lögðu lóð sín á vogarskálarnar á árinu og UN Women á Íslandi er stolt og þakklátt fyrir það fjölbreytta samstarf sem samtökin eiga við íslenskt atvinnulíf. Ánægjulegt var að sjá frumkvæði og vilja fyrirtækja til að bregðast hratt og örugglega við neyðinni í Úkraínu er stríðið braust þar út. Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi færðu samtökunum rausnarlegan styrk og rann hann allur til verkefna UN Women í Úkraínu. Eins efndu starfsmenn Alvotech til söfnunar og lagði fyrirtækið til sömu upphæð og gerðu þannig UN Women betur kleift að tryggja kvenmiðaða neyðaraðstoð á vettvangi. Byko bauð viðskiptavinum sínum upp á að bæta 500 kr. við heildarupphæð viðskipta sinna og fyrirtækið jafnaði upphæðina sem safnaðist.

Árið 2021 hófst átakið Kynslóð jafnréttis sem er stærsta jafnréttisátak sem UN Women hefur ráðist í. Meginmarkmið þess er að vinna að úrbótum á þeim sviðum þar sem hallar mest á konur og stúlkur. Undir formerkjum átaksins hóf UN Women á Íslandi samstarf við Íslandsbanka, HS Orku og Landsvirkjun á árinu. Taka fyrirtækin á þennan máta virkan þátt í að hraða fyrir breytingum á réttindum kvenna og stúlkna um allan heim.

UN Women á Íslandi er afar stolt af samstarfsverkefni samtakanna og 66°Norður sem kennt er við SADA miðstöðina í Tyrklandi. UN Women á Íslandi og 66°Norður fengu styrk úr Heimsmarkmiðasjóði atvinnulífsins um þróunarsamvinnu vegna verkefnisins.

Fyrirtækið Sjóvá var bakhjarl FO herferðarinnar í ár. Þeirra mikilvægi stuðningur gerði samtökunum kleift að senda allan ágóða sem hlaut af sölu FO varnings í Hinsegin sjóð UN Women. Ásamt því að vera bakhjarl herferðarinnar keypti Sjóvá varning handa öllum starfsmönnum fyrirtækisins og hvatti einnig viðskiptavini sína til að gera slíkt hið sama.

Önnur fyrirtæki sem lögðu herferðinni lið með kaupum á varningi voru Landsvirkjun, Efla, HS Orka auk annarra.

Í lok árs var Samfélag samstarfsfyrirtækja UN Women á Íslandi sett á lagginnar. Um er að ræða vettvang fyrir samstarfsfyrirtæki UN Women á Íslandi og er ætlun samtakanna að miðla því sem efst er á baugi hjá UN Women hverju sinni, er viðkemur jafnréttismálum, stjórnun og rekstri fyrirtækja. Einnig vilja samtökin læra af sínum samstarfsfyrirtækjum um hvað gengur vel og hvar þeirra helstu áskoranir liggja.

Fleiri fyrirtæki, stór sem smá, tóku þátt í að gera heiminn betri fyrir konur og stúlkur og færum við þeim einnig okkar bestu **þakkir**.

Alls söfnuðust 50.034.120 kr. frá fyrirtækjum á árinu 2022.

66°NORÐUR STYÐUR VIÐ KONUR Í ÚKRAÍNU

UN Women á Íslandi og 66°Norður tóku höndum saman til að styðja við konur á flóttu vegna innrásar Rússa í Úkraínu. Sérstakur styrktarbolur var hannaður af Þórdísi Claessen og Iryna Kamienieva – Ирина Каменева, sem var þá nýkomin til Íslands frá Úkraínu.

Styrktarbolurinn er samsettur af þjóðlegum Vyshyvankamynstrum og ljóði eftir úkraínsku skáldkonuna Lesia Ukrainka. Söluandvirði bolsins rann til verkefna UN Women í Úkraínu, alls 4,4 milljónir.





Konur á dreifbýlum svæðum í Líbanon hafa hlotið styrk til að koma á fót eigin rekstri. UN Women/Joe Saade

FJÁRMÁL

Heildartekjur UN Women á Íslandi jukust um 13% á milli ára og námu tæplega 296 m.kr árið 2022. Framlög ljósbera, mánaðarlegra styrktaraðila samtakanna, voru líkt og síðastliðin ár helsta fjáröflunarleið samtakanna og jukust þau um 5% á milli ára og námu tæpum 198 m.kr. Annað söfnunarfé frá einstaklingum og fyrirtækjum og sala á varningi nam 62.170.132 kr. Rekstartekjur til fjáröflunar og kynningarmála sem og aðrir styrkir námu rúmum 35 m.kr, þar af komu tæpar 11 milljónir frá utanríkisráðuneytinu í formi kynningarstyrkja og 3,5 milljónir frá forsætisráðuneytinu tengt verkefni 67. Kvennanefndarfundar SP 2023.

Ljósberar UN Women á Íslandi eru hryggjarstykki samtakanna og skipuðu lykilsess í fjáröflun samtakanna árið 2022, en langstærsti hluti framlaga UN Women á Íslandi til verkefna UN Women á heimsvísu kom frá ljósberum. Kostnaður við fjáröflun, fræðslu- og kynningastarf og rekstur skrifstofu nam 134.728.537 m.kr. sem var 23% hækkun frá árinu áður. Þetta skýrist af fjölgun starfsfólks í úthringiveri og götukyningum á árinu og almennum launahækkunum, hækkun í leigu og almennu rekstrarumhverfi sem og aukins kostnaðar við herferðir og kynningastarf samtakanna.

Helstu tekjur og gjöld

TEKJUR

Söfnunarfé Ljósbera til verkefna UN Women	197.711.120
Annað söfnunarfé til verkefna UN Women	62.170.132
Félagsgjöld	623.000
Styrkir frá utanríkisráðuneyti og forætisráðuneyti	14.285.000
Styrkir til fjáröflunar- og kynningarstarfs á Íslandi	20.862.210

SAMTALS

295.651.462

ÚTGJÖLD

Kostnaður vegna fjáröflunar	78.519.247
Kostnaður vegna fræðslu- og kynningarstarfs	33.065.843
Annar rekstrar- og stjórnunarkostnaður	23.143.447

SAMTALS

134.728.537

Framlög til verkefna UN Women

Úkraína	26.190.403
Tyrkland SADA verkefni	9.176.962
Hinsegin sjóður UN Women	13.076.029
Styrktarsjóður SP til afnáms ofbeldis gegn konum	3.689.447
Framlag í kjarnasjóð UN Women	103.795.910

Heildarframlag til verkefna UN Women

155.928.751

Framlag UN Women á Íslandi til alþjóðlegra verkefna UN Women fyrir árið 2022 hækkaði á milli ára um 2,5% og nam tæplega 156 m.kr. Framlögin gerðu UN Women kleift að styðja við verkefni sem voru mest aðkallandi á árinu í gegnum kjarnasjóð UN Women. Neyðin í Úkraínu var fyrirferðarmikil og söfnuðust gríðarlegir fjármunir til stuðnings konum á flótta frá Úkraínu. Ánægjulegt var að sjá hversu vel fyrirtæki á Íslandi brugðust við en aldrei hafa viðlíka fjárhæðir safnast frá fyrirtækjum eins og vegna stríðsins í Úkraínu. SADA-verkefninu í Tyrklandi var hrint af stað og að vanda var stutt við hið mikilvæga starf *Styrktarsjóðs Sameinuðu þjóðanna til afnáms ofbeldis gegn konum* líkt og fyrri ár. Síðast en ekki síst var fjármagn sent í fjársveltan hinsegin sjóð UN Women, en þangað runnu fjármunirnir sem söfnuðust í FO herferðinni.

Í heildina var 60% af söfnunarfé samtakanna sent til verkefna UN Women, en stjórn UN Women á Íslandi í samtali við UN Women höfuðstöðvar, ákvað að halda eftir meiri hagnaði en gert hefur verið undanfarin ár. Ákvörðunin var tekin með það fyrir augum að auka varasjóð samtakanna og þar með rekstrarfé landsnefndarinnar. Þessi ákvörðun er í samræmi við ábyrgan rekstur og góða stjórnarhætti þar sem áherslan hingað til hefur ávallt verið að senda alla innkomu til verkefna UN Women á heimsvísu á kostnað þess að byggja upp varasjóði landsnefndarinnar.



Víetnamskar konur reyna fyrir sér í reipitogi. UN Women Viet Nam/Bui Viet Duc

Framlög íslenskra stjórnvalda til UN Women

UN Women er ein af áherslustofnunum íslenskra stjórnvalda í þróunarsamvinnu. Á árinu 2022 námu heildarframlög utanríkisráðuneytis og landsnefndar tæpum **459 milljónum króna**, þar af námu kjarnaframlög tæplega 254 milljónum og eyrnamerkt framlög voru rúmar 205 milljónir.

Kjarnaframlag til UN Women	150.000.000
UN Women Jórdaníu	30.000.000
UN Women Palestínu	21.000.000
UN Women – Verkefni Kynslóð jafnréttis - Engaging Men & Boys	54.988.000
UN Women's Leaders Network	28.144.000
UN Women mannúðarframlag til Tyrklands/Sýrlands	18.768.326
Samtals heild	302.900.326



UN Women styður við menntun kvenna og stúlkna með ýmsum hætti. Aukin áhersla hefur verið lögð á að efla þátttöku kvenna í vísindum og tækni. Mynd/Pham Quoc Hung



Hrísgrjónabóndi sem stundar ræktun nærri Kinshasa, höfuðborg Kongó. Kvenkyns hrísgrjónabændur hafa fengið styrk til að festa kaup á vélum sem flýta fyrir vinnu á uppskerutíma. Mynd/Marina Mestres Segarra

Stuðningur og samstarf utanríkisráðuneytisins og UN Women á Íslandi

UN Women á Íslandi hefur átt í margra ára farsælu samstarfi við utanríkisráðuneytið. Árið 2022 var ekki gildandi rammasamningur á milli aðilanna, en hins vegar fór af stað innri rýni á samstarfsfyrirkomulagi við landsnefndir UN Women, UNICEF og Félag SP á Íslandi og birtist skýrslan opinberlega á vef utanríkisráðuneytisins í febrúar 2023.

Þó að rammasamningur hafi ekki verið til staðar, studdi utanríkisráðuneytið hins vegar við starf UN Women á Íslandi með kynningarstyrkjum sem gerði landsnefndinni kleift að halda úti öflugum götukynningum og vekja athygli á kvenmiðaðri neyðaraðstoð með „Náðir þú að pakka“ herferðinni. Sömuleiðis hlaut styrkur til að kynna táknrænar jólagjafir UN Women á Íslandi og kynningarstyrkur með það að markmiði að tryggja aukna upplýsingagjöf frá UN Women til fjölmiðla og stjórnvalda.

Samstarf við fastanefnd Íslands til Sameinuðu þjóðanna í New York er ávallt farsælt hvað varðar málefnavinnu UN Women. UN Women á Íslandi hélt stofnfund „Standing Group of UN Women National Committees“ í fastanefndinni þann 3. október 2022. Fastafulltrúi Íslands, Jörundur Valtýsson, opnaði fundinn og fjallaði um það sem helst var að gerast í jafnréttismálum á vettvangi SP og innan stjórnar UN Women, en Ísland átti sæti í stjórn UN Women á árinu 2022, eitt á meðal 43 aðildarríkja.

Framkvæmdastýra UN Women á Íslandi situr fyrir hönd frjálsra félagasamtaka í þróunarsamvinnunefnd en samkvæmt þróunarsamvinnulögum skal starfa þróunarsamvinnunefnd. Lögin kveða á um að ráðið skuli sinna ráðgefandi hlutverki við stefnumarkandi ákvarðanatöku um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands til lengri tíma og fylgjast með framkvæmd hennar. Nefndin skal m.a. fjalla um stefnu um alþjóðlega þróunarsamvinnu og aðgerðaáætlun þar að lútandi,

framlög til þróunarsamvinnu, val á samstarfslöndum, þátttöku Íslands í starfi alþjóðastofnana á sviði þróunarsamvinnu og helstu skýrslur um árangur í þróunarsamvinnu. Ráðherra skipar fulltrúa í þróunarsamvinnunefnd og varamenn þeirra til fjögurra ára í senn, en fimm fulltrúar sem eiga sæti í nefndinni koma frá íslenskum borgarasamtökum sem starfa að alþjóðlegri þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð.



Florence Driciru frá Kochi Yumbe héraði í Úganda hugar að hrísgrjóna uppskeru sinni. Hún hlaut þjálfun á vegum UN Women í nýsköpun á sviði landbúnaðar. Mynd/UN Women / Jeroen van Loon



Loda Coulibaly er líffræðingur og baráttukona fyrir kvenréttindum í Malí. Hún hefur tekið virkan þátt í friðarviðræðum í ríkinu. Mynd/Kani Sissoko

OVERVIEW

Monthly donations and fundraising

Contributions from monthly donors (named Ljósberar in Icelandic) continue to be UN Women Iceland's main source of income, or around 75%. These donations mean that UN Women Iceland has been able to send the highest core contribution of all National Committees, not per capita but in real terms, for the seventh consecutive year. Core contributions fund the bedrock of UN Women's programmes worldwide. Core donations are critical for UN Women to leverage its unique mandate that includes normative

support, UN system coordination and programmes on the ground. Regular resources enable UN Women to have a global reach and to have universal presence also in fragile contexts, such as in conflict and post-conflict zones.

1.027 new monthly donors joined UN Women Iceland in 2022, while 978 cancelled their monthly donation, which is less than had been projected. The donor group consists of people of all ages and of all genders. New monthly donors were reached through F2F donor recruitment and telemarketing. Monthly donations increased from 188.291.335 ISK to 197.711.120 ISK

between years thanks to UN Women Iceland's telemarketing team who asked monthly donors to upgrade their donations. Strategic communication with current donors has been a key factor in keeping high retention rates in 2022. UN Women Iceland does this through social media, emails, direct mail, text messages and phone calls.

UN Women Iceland conducted face-to-face donor recruitment in Akureyri for the first time in 2022. One member of staff conducted F2F in Akureyri for two months during summer, with 26% of all new donors being recruited there.

Symbolic gifts

In November UN Women Iceland introduced the symbolic Christmas gifts for 2022 (isl. táknræn jólagjöf); Humanitarian aid for a woman in Ukraine; and a dignity kit for a woman in Afghanistan. UN Women Iceland sold 991 symbolic gifts in 2022 for 3.087.244 ISK. In addition, UN Women Iceland also pushed the FO mittens which are a viable Christmas gift to friends and family, which boosted sales.



Ukraine emergency appeal

An emergency appeal for women and girls in Ukraine was launched in February 2022. The campaign was a text-to-give campaign in support of Ukrainian women and girls following the Russian invasion into Ukraine. This created a leads list for UN Women Iceland's telemarketing team to contact. The campaign resulted in 1,379 text messages amounting to 2,6 MISK, 34 new monthly donors and one offs amounting to 26,2 MISK.

Another fundraising campaign was launched in May, called „Náðir þú að pakka?“ („Did you have time to pack?“), with the aim of raising awareness of why humanitarian aid needs to be gender responsive in order to ensure the safety of women and girls in humanitarian settings. The campaign consisted of a televised advert, banners and billboards, a strong call-to-action and an information site on unwomen.is. The campaign also included an online quiz, where participants could test their knowledge on how crisis affects women and girls specifically. This resulted in 1,038 texts amounting to almost 2 million ISK and one offs around 1,6 MISK.

Advocacy and campaigns

UN Women Iceland too part in the annual *International Women's Day event Ring the Bell* on March 8th. The event was organized in cooperation with Nasdaq Iceland, FKA (The Association on Businesswomen in Iceland) and SA (The Confederation of Icelandic Enterprises). Ms. Eliza Reid, the First Lady of Iceland, rang the bell for equality.

UN Women Iceland organized a *CSW66 side event* on behalf of the Prime Minister's Office in Iceland. The event was titled "The Forgotten Voices – The Impact of Climate Change on Violence Against Women" and took place on March 14th. Panellists discussed how gender-based violence is used as a weapon of war and how it is interlinked with the effects of climate change. Guðni Th. Jóhannesson, the President of Iceland and Mr. Katrín Jakobsdóttir, Prime Minister of Iceland



The FO campaign 2022 funded UN Women's LGBTQIA+ projects world-wide.

delivered opening remarks. Panellists included Christina Lamb, chief foreign correspondent at the Sunday Times, Erna Huld Ibrahímssdóttir, journalist and a teacher from Afghanistan, and Tinna Hallgrímssdóttir, chairperson of the Icelandic Youth Environmentalist Association.

UN Women Iceland and 66° North collaborated to support UN Women's work in Ukraine. A young Ukrainian artist named Iryna Kamienieva – Ирина Камєнева and the Icelandic designer Þórdís Claessen design a special limited edition T-shirt to raise funds for UN Women's projects in Ukraine. The collaboration and the product were launched during an event at the Presidential residence in Iceland.

UN Women Iceland put increased

emphasis on commenting on parliamentary resolutions relating to women, gender equality, GBV, and asylum seekers and released a shadow report on the status of CEDAW in Iceland in collaboration with other civil society organisations.

UN Women Iceland has successfully sold FO beanies since 2016, in support of UN Women projects that focus on eliminating gender-based violence. In 2020 and 2021, UN Women Iceland switched it up and designed long sleeve FO-shirts. This year, UN Women Iceland decided to design a cheaper FO-product, hoping to increase sales compared to the previous year. The FO-mittens were designed by designer and knitwear artist Védís Jónsdóttir and produced locally by VARMA. An order

of 2.500 mittens was placed and sold at 4.800 ISK. Sales were extremely good and amounted to 14,9 million ISK which was allocated to UN Women lead LGBTQIA+ projects worldwide. The earmarked funds are expected to support initiatives that aim to empower members of the LGBTQIA+ community and provide them with psychological support, and economic opportunities.

Educational visits and social media presence

UN Women's communication team, Executive Director, and youth council carry out important educational visits to private companies, organizations, and schools as well as taking part in various events on issues concerning women, humanitarian action, and gender equality. UN Women Iceland has increased its social media presence over the past three years and continues to do so. UN Women Iceland uses social media platforms to provide information on UN Women projects and the National Committee's work. In August 2021, the communication's team set the goal of increasing engagement on UN Women Iceland's website and lowering the site's bounce rate to reach more people. This work continued in 2022 with great success.

UN Women Iceland continued to expand its reach on Instagram and now has over 7.560 followers. The number of followers increased the most on LinkedIn, which is a new platform for UN Women Iceland.

In 2022, UN Women Iceland took part in various projects and activities on issues related to gender equality. These include in part: ED's participation on the board of The Icelandic Human Rights Office, consulting member on Generation Equality, ED's participation in a meeting in Istanbul on UN Women's new Private Sector Engagement Strategy, as well as taking part in Reykjavík Global Forum.

UN Women Youth Council

UN Women's youth council is composed of seven young individuals between the ages 16 and 30. Its members are vital to UN Women



The campaign Did you have time to pack? was extremely successful

Iceland when it comes to promoting gender equality and awareness on UN Women projects through school visits and social media. The youth council also organized numerous fundraising events in 2022, including their annual Spring Bingo.

Private sector collaborations

In the past year, UN Women Iceland has expanded its outreach to include private sector companies. UN Women Iceland has done this through the Generation Equality initiative in the hope of increasing sustainable, predictable, and long-term funding. In 2022 UN Women Iceland began a partnership with three companies from different sectors. These companies are Íslandsbanki, HS Orka and 66°North and the total value of these partnerships are about 35,5 million ISK over a three-year period. In addition, Sjóvá funded the production of the FO-mittens in 2022, allowing for all proceeds to go directly to UN Women's LGBTQIA+ projects.

Government Support

Throughout the years, UN Women Iceland has received invaluable support from the Ministry of Foreign Affairs to carry out its work. However,

in 2022 there was no valid framework agreement between UN Women Iceland and the MFA. Instead, UN Women Iceland received funds to run individual advocacy campaigns, including "Did you have time to pack?"; UN Women Iceland's advocacy campaign on gender responsive humanitarian aid, a grant to promote UN Women Iceland's symbolic Christmas gifts, and funds to further engage media and reports on UN Women's work worldwide. The MFA also granted UN Women Iceland with funds which enabled the National Committee to carry out F2F donor recruitments during the summer months of 2022. In 2022, the MFA conducted an internal review of existing funding agreements with UN Women Iceland, UNICEF and Félag Sameinuðu Þjóðanna á Íslandi. The report was made available on the MFA's website in February 2023.

UN Women Iceland continued to work closely with the Permanent Mission of Iceland to the United Nations in New York. The Permanent Mission housed the first meeting of the newly founded Standing Group of UN Women National Committees at its offices in October 2022. Iceland's Permanent Representative Jörundur Valtýsson, gave the opening talk during the meeting. Lastly, UN Women Iceland's ED is part of the Development Cooperation Committee (isl. Þróunarsamvinnunefnd). This committee has an advisory role on Iceland's long-term bilateral development cooperation.

Finances

UN Women Iceland's total income increase by 13% year-on-year and amounted to 296 million ISK in 2022. Donations from monthly donors remained UN Women Iceland's main source of funds, increasing by 5% from the previous year, and amounting to 62,1 million ISK. UN Women Iceland received 11 million ISK in funds from the Ministry of Foreign Affairs and 3,5 million ISK from the Prime Minister's Office in 2022. UN Women Iceland contributed 156 million ISK to UN Women's projects worldwide, an increase by 2,5% from 2021.

VIÐ ERUM UN WOMEN Á ÍSLANDI

Starfskonur UN Women á Íslandi 2022



Framkvæmdastýra: Stella Samúelsdóttir

Fjármála- og fjáröflunarstýra: Vilborg Garðarsdóttir

Kynningarstýra: Marta Goðadóttir/María Rut Kristinsdóttir
hóf störf í mars

Rekstrarstýra og fyrirtækjafjáröflun: Áslaug Ármannsdóttir

Sérfræðingur í stafrænni miðlun: Vera Líndal Guðnadóttir

Sérfræðingur á kynningarsviði: Sara McMahon

Fjáröflunarfulltrúi: Krista María Finnbjörnsdóttir/

Thelma Rut Elíasdóttir hóf störf í september

Verkefna- og vaktstýra fjáröflunar: Elín Ásta Finnsdóttir

Stjórn UN Women á Íslandi 2022-2023



Formaður: Arna Grímsdóttir

Varaformaður: Ólafur Elínarson

Gjaldkeri: Kristín Ögmundsdóttir

Stjórnarmeðlimir: Anna Steinsen, Árni Matthíasson,

Áslaug Eva Björnsdóttir, Fida Abu Libdeh,

Fönn Hallsdóttir (fulltrúi ungmennaráðs),

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Ólafur Þ. Stephensen.

Stjórn UN Women á Íslandi er skipuð formanni auk níu stjórnarmeðlima.

Stjórn er kosin til tveggja ára í senn á aðalfundi félagsins.

Aðalfundur UN Women á Íslandi 2022 fór fram þann 28. apríl.

Breytingar urðu á stjórn frá árinu áður þegar Bergur Ebbs Benediktsson

og Kristján Hjálmarsson létu af sæti í stjórn og í staðinn voru Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Árni Matthíasson kosin í stjórn næstu tvö árin.

ÞAKKIR

Advania
Alvotech
Andrés Ingi Jónsson
Anna Maggý
Arrango
Askur Hrafn Hannesson
Birna Einarsdóttir
Brim
Byko
Concept events
Dóra Júlía
Embætti forseta Íslands
Eliza Reid
Erna Huld Íbrahimsdóttir
Fjölbrautarskóli Vesturlands
Forsætisráðuneytið
Garðheimar
Gjögur hf.
Guðmundur Runólfsson hf.
Gulli Arnar

Háskóli Íslands
Hero Productions
HS Orka
Húrra
Incredible Management
Ingibjörg Sólrún Gísladóttir
Ketchup Creative
Iryna Kamienieva
Íslandsbanki
Jón Atli Benediktsson
Jón Örn Guðbjartsson
Kristinn Ingvarsson
Lady Zadude
Landsvirkjun
Litróf – umhverfisvottuð prentsmiðja
Olena Jadallah
Óskaskrín
Rafiðnaðarsamband Íslands
Reitir fasteignafélag hf.
Rekstrarvörur
Rökkvi Maríuson
Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

Securitas
Sjálfbóðaliðar
Sjóvá
Síggi Gunnars
Sima Bahous
Steinunn Gestsdóttir
Systur
Sylvía Guðrún Wikström
Tatjana Latinovic
Ungmennaráð UN Women á Íslandi
Unnur Linda Guðmundsdóttir
Utanríkisráðuneytið
Þorri Líndal Guðnason
Þorsteinn Víglundsson
Þórður Helgi Guðjónsson
Þórður Kristinsson
Öll sem sátu fyrir í FO herferð
UN Women á Íslandi árið 2022
Zahra Mesbah
Zoreh Aria
66°Norður



Sigtún 42, 105 Reykjavík

Sími 552 6200

www.unwomen.is